Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

Janúar 1999

Laxá í Hvammsveit 1998

Inngangur

Rannsóknarferð var farin 24. ágúst. Sumarið var fremur þurrt og vatn í ánum var fremur lítið þegar rannsóknin var gerð. Seiðum hafði verið sleppt um tveim vikum áður og því ágætt tækifæri til að kanna hvernig til tókst. Athuguð var afkoma um 50 seiða sem sleppt var í lækinn frá sundlauginni að Laugum haustið 1997.

Fiskgengi hlutinn

Nær ekkert fannst af seiðum utan slæðingur af ársgömlum laxaseiðum ofan við brúna, neðan ármótanna. Náttúruklak hefur misfarist enn eitt árið án þess að unnt sé að finna á því nokkra skýringu. Ef til vill hefur verið of lítið eftir af fiski til að hrygna undanfarin ár.

Geirmundur

Neðan við Geirmundarfoss fannst ekkert nema 2 stór seiði. Annað þeirra reyndist sleppiseiði frá 1997, (8.7 cm, 1+ sls). Ég fór svo aftur síðar um daginn, veiddi alveg upp að fossi í leit að seiðum frá sumrinu en fann alls ekkert. Gamli fiskurinn (94 -árgangur) er nær allur farinn af þessu svæði en ekkert nýtt hefur kviknað í staðinn.

Ár:	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Aldur/Dags	18/7	1/9	29/7	22/7	8/7	24/8
0+		**4.0**			3.0	ekki til
1+	6.2	5.7	**(6.0)**		6.8	(8)
2+	7.9			**7.9**	7.9	
3+	11.8 G				**8.7**	

Tafla 1. **Fiskgengi hluti** Laxár í Hvammsveit. Lengd laxaseiða á ýmsum tímum. Tölur innan sviga eru ágiskanir þar sem seiðin voru ekki drepin og mæld. Árgangur 1994 er feitletraður.
G = gönguseiði á útleið.

Klöpp.

Rétt ofan við brú voru veiddir um 50 m^2 og fannst slangur af seiðum sem reyndust vera eins árs gömul. Fékk og sleppti aftur 12 seiði. Nokkuð af seiðum hrökk frá svo þarna er ástandið nokkuð gott (8.6 cm seiði var 1+ og 7.1 cm var líka 1+).

Sælingsdalsá, frá grjótgarði að Hólafossi.

Veiddi nær allt svæðið. Pínulitið fannst af seiðum, ein stærð, ekkert klak fannst frá í fyrra,. Heldur líflegra þarna en það hefur verið áður, ekki mikið þó. Þarna er mjög lítið af seiðum þrátt fyrir að borninn sé fastur og góður á köflum og sá besti á fiskgenga svæðinu. **Þessar niðurstöður styrkja þann grun að mengun frá sundlauginni sé seiðum óholl**. Nær engin seiði finnast í ánni frá Laugum að ármótum, þar fyrir neðan, eftir að Svínadalsá bætist við, virðist ástandið vera eðlilegt.

Ófiskgengi hlutinn

Ofan við Hólafoss

Veiddi 100 m langan kafla sem hófst um 200 m ofan við fossinn. Sá eitt seiði sem var frá sleppingu í sumar og 2-3 seiði árinu eldri. Hér virðist eiginlega ekkert vera af seiðum. Forvitnilegt verður að sjá hvernig sleppingin frá í sumar mælist aftur að ári.

Ár:	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Aldur/Dags	18/7	1/9	29/7	22/7	8/7	24/8
0+	Ókomin				5.6	(5-6)
1+	7.4		**8.5 ++**		8.0	(8-9)
2+	9.5			**7.9**		
3+	Farin				**9.2**	

Tafla 2. **Ófiskgengi hluti** Laxár í Hvammsveit. Lengd laxaseiða á ýmsum tímum.Tölur innan sviga eru ágiskanir þar sem seiðin voru ekki drepin og mæld. Árgangur 1994 er feitletraður.
++ = mikið af seiðum.

Fyrir innan Gerði.

Veiddi var 40-50 m langan kafla en fann lítið af seiðum. Einungis 3 seiði fundust úr

sleppingunni í sumar, einnig fundust 2 eldri seiði, 8-9 sm.

Lækur við Laugar

Veiddi nær allan lækinn fyrir neðan Laugar þar sem Jón Ingi sleppti seiðunum sl. haust en ekkert fannst. Seiðin voru ekki þarna og líklegast er að þau hafi drepist. Brýnt er að gera eitthvað í því máli, og hefja nú þegar viðræður við aðstandendur sundlaugarinnar.

Ofan brúar heim að Laugum.

Fann 1 seiði frá í sumar og nokkur stærri, sum mjög stór.

Neðan ræsis á þjóðvegi.

Þar fundust 3-4 seiði frá sumrinu, nokkur eins árs og 2 ára. Slæðingur af seiðum á þessum stað og meira af þeim þar sem botninn er stöðugur og slýgróinn.

Veiðin 1998

Veiðin hresstist verulega, fór úr 21 laxi 1997 í 59 laxa. Einkennandi var að þetta allt smálax utan einn fiskur, 11 punda hængur sem hafði verið tvo vetur í sjó. Einsdæmi er, í seinni tíð a.m.k., að svo fáir stórlaxar hafi veiðst.

Tafla 3. Aldursdreifing aflans úr Laxá í Hvammsveit 1998. Í svigum er aldursdreifing aflans frá 1997. Uppistaðan í aflanum er árgangurinn frá 1994, 3 ár í ánni, 1 ár í sjó.

Ferskvatnsaldur:	1 ár í sjó	2 ár í sjó	Samtals
2 ár	1 (1)	(1)	1 (2)
3 ár	30 (3)	(1)	30 (4)
4 ár	8 (7)	1 (6)	9 (13)
5 ár	1		1
Úr eldi	(2)		(2)
Samtals:		40 (13)	41 (21)

Aldursgreining á hreistri af veiddum fiskum er sýnd í töflu 3. Flestir fiskanna höfðu dvalið 3 ár í ánni áður en þeir gengu í sjó. Þetta er árgangurinn frá 1994. Unnt var að sjá á hreistrinu að u.þ.b. helmingurinn var með vissu úr sleppingu. Sjá má sjá í töflum 1 og 2 að 1994 -árgangurinn hefur verið ráðandi í ánum undanfarin ár. Slepping þetta ár heppnaðist vel, mikið fannst af seiðum úr henni árin á eftir. Einnig heppnaðist náttúruklak vel 1994 (tafla 1). Hluti þessarra seiði fóru út þriggja ára 1997, afgangurinn 1998 sem 4 ára.

Mynd 1 sýnir hvernig veiði áranna 1993-1998 skiptist í smálax og stórlax. Rétt er að geta þess að veiði á stórlaxi á Vesturlandi síðustu ár hefur verið léleg sé miðað við fyrri hluta áratugarins, bæði í heild og einnig sem hlutfall af smálaxi. Þetta hlutfall er nú orðið svo lágt í mörgum ám, að það getur varla farið neðar.


Sennilega er um að kenna lélegu árferði í sjó en ekki er hægt að mæla það öðruvísi en óbeint, þ.e. með því að athuga "þrif" þeirra laxa sem heimtast úr sjó. Betra holdafar laxa sl. tvö sumur bendir til að "ástand sjávar" sé að lagast.

Horfur

Búast má við þokkalegri laxgengd 1999: Stórlaxi úr 94 -árgangnum sem fór út 97, og smálaxi úr sama árgangi sem gekk út 1998.

Ekki er ólíklegt að laxinn gangi fyrr í ána sumarið 1999 en 1998, vegna væntinga um betri heimtu af stórlaxi, en líklega fækkar smálaxi eitthvað frá því sem var 1998.

Óljóst er hvað síðar verður vegna lélegrar afkomu sleppingar og skorts á náttúruklaki eftir 1994.



Mynd1. Fjöldi veiddra smálaxa og stórlaxa í Laxá í Hvammsveit 1993-1998.